

Norræn samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023–2027



Efnisyfirlit

Norræn samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023–2027	3
Norrænt samstarf um fötlunarmál í alþjóðlegu samhengi	5
Tilgangur, markmið og norræn nytsemi	7
Áherslusvið: Mannréttindi	8
Áherslusvið: Þátttaka	11
Áherslusvið: Frjáls för	14
Úttekt	16
Um ritið	17

Den här publikationen finns även som en webbtillgänglig onlineversion:
<https://pub.norden.org/politknord2022-733>



Mynd: iStock

Norræn samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023–2027

Meginreglan í norrænum velferðarsamfélögum er að íbúar njóti jafnra tækifæra og öryggis óháð kyni, uppruna, trúarbrögðum, lífsskoðun, líkamlegu og andlegu atgervi, aldri eða kynhneigð. Félagsleg réttindi veita öllum jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, menntun, menningu og atvinnu.

Mannréttindi og þátttaka eru viðteknar meginreglur í norrænni samvinnu um fötlunarmál. Þegar mannréttindi eru skoðuð í ljósi samverkandi áhrifa fleiri þátta sýnum við ólíkum aðstæðum fólks virðingu með því að leitast eftir jafnrétti og inngildingu og horfa til þess hvort hætt sé við að einstaklingar verði mismunun. Það er ekki einn þáttur, svo sem kyn, kynhneigð, uppruni eða líkamlegt eða andlegt atgervi, sem ræður því hvernig einstaklingur kemur okkur fyrir sjónir heldur ber að líta á þá sem eina heild.

Norðurlöndin vinna að sjálfbærri samfélagsþróun sem byggist á tækifærum íbúanna til einstaklingsfrelsis og sjálfsþinglingar. Í samstarfi landanna sýna Norðurlönd gagnsemi og verðmæti inngildandi samfélags þar sem allt umhverfi er aðgengilegt og nýtist öllum, bæði stafrænt og í raunheimi. Með algildri hönnun verður samfélagið aðgengilegt öllum, ekki eingöngu fólki með fötlun.

Fötlunarstefna felst í að byggja upp sjálfbært samfélag þar sem engin eru skilin útundan. Markmiðið með stefnu í fötlunarmálum er að inngilda fólk með fötlun á öllum sviðum samfélagsins. Sú stefna mótast af réttindasjónarmiðum sem koma eiga til framkvæmda við innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, UNCRPD. Aðgengi er grundvallarforsenda þess að einstaklingar með fötlun geti lifað sjálfstæðu lífi og átt hlutdeild í samfélaginu til jafns við annað fólk.

[Framtíðarsýn okkar fyrir 2030](#) kveður á um að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir 2030. Í framtíðarsýninni eru þrjú stefnumarkandi áherslusvið:

Græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Samstarf um fötlunarmál gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd framtíðarsýnarinnar. Það á einkum við um félagslega sjálfbær Norðurlönd þar sem algild hönnun, aðgengi og inngilding eru mikilvæg sjónarmið. Fólk með fötlun er auðlind í samfélaginu og þátttaka þess á vinnumarkaði og samfélaginu er forsenda þess að sjálfbærnimarkmiðum verði náð. Eigi markmiðið um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims að nást þarf frjáls för einnig að gilda um fólk með fötlun.

Í framkvæmdaáætlun 2021–2024 kemur fram hvernig Norræna ráðherranefndin hyggst ná markmiðum framtíðarsýnarinnar. Þau svið framkvæmdaáætlunarinnar þar sem norrænt samstarf um fötlunarmál er hvað mikilvægast eru þróun vinnumarkaðar (markmið 7), stafræn þróun og menntun (markmið 8), heilsa og velferð (markmið 9), græn umskipti (markmið 10) og inngilding (markmið 12).

Hinar þrjár víddir sjálfbærrar þróunar (græn, samkeppnishæf, félagslega sjálfbær) eru mikilvægar í norrænu samstarfi og forsendur fyrir jöfnum tækifærum og öryggi allra. Greinileg tenging er milli *Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030* og *Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun fyrir 2030* vegna þess að vinnan að framtíðarsýninni stuðlar að því að sjálfbærnimarkmiðum SP verði náð. „Engin verða skilin eftir“ eru skilaboð heimsmarkmiðanna og því er mikilvægt að takist að samþætta sjónarmið jafnréttis, málefna barna og ungmenna og fólks með fötlun í norrænu samstarfi landanna. Sjálfbærnistarf á einnig að ná til fólks með fötlun og gagnast því. Því er mikilvægt að samþætta sjónarmiðin strax í upphafi og við alla framkvæmd.

Alþjóðlegt samstarf á vettvangi Evrópuráðsins, Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins og víðar á þátt í að skapa norrænan virðisauka þar sem tækifæri gefst til að ræða saman, skiptast á reynslu og eiga samstarf. Samstarf við Eystrasaltlöndin skiptir einnig máli hvað þetta varðar.

Áætlun þessi er stefnumarkandi skjal í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar um fötlunarmál sem byggist á tillögum úr tveimur fyrri framkvæmdaáætlunum og viðeigandi stefnumarkandi skjölum í norrænu og alþjóðlegu samstarfi.

Norrænt samstarf um fötlunarmál fer einkum fram samkvæmt norrænni samstarfsáætlun um fötlunarmál, í Norræna ráðinu um málefni fatlaðs fólks (Fötlunarráðinu) sem veitir ráðgjöf í öllu opinberu norrænu samstarfi, með styrkjakerfi fyrir norrænt samstarf öryrkjasamtaka og norrænni starfsemi fyrir fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) veitir aðstoð við framkvæmd áætlunarinnar.



Mynd: iStock

Norrænt samstarf um fötlunarmál í alþjóðlegu samhengi

Norðurlöndin og Álandseyjar, Færeyjar og Grænland hafa skuldbundið sig alþjóðlega til að inngilda fólk með fötlun, meðal annars með aðild að samningum Sameinuðu þjóðanna og samstarfi innan vébanda Evrópuráðsins og Evrópusambandsins. Þetta á einnig við um Eystrasaltsríkin. Miklu máli skiptir að Norðurlöndin vinni saman og að þeim nýtist vel að bera saman reynslu sína og góð fordæmi í málum sem varða fjölþætta mismunun, minnihlutahópa, velferð og lýðþróun.

Sameinuðu þjóðirnar (SP)

Norðurlöndin hafa skuldbundið sig og taka virkan þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna að mannréttindamálum. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (1948) eru grundvallarmannréttindi skilgreind. Í yfirlýsingunni eru þrjátíu greinar sem lýsa algildum grundvallarréttindum og frelsi.

Yfirlýsingin er sá grundvöllur sem alþjóðlegt mannréttindastarf byggist á. Réttindin eru meðal annars tilgreind í alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (CCPR) og alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (CESCR). Samningar sem varða tiltekna markhópa sýna sérlega viðkvæma hópa og í þeim eru ákvæði í mannréttindayfirlýsingunni frá 1948 útfærð nánar og hvernig megi innleiða þau fyrir alla. Samningar sem varða sérstaklega norræna samstarfsáætlun um málefni fólks með fötlun eru samningurinn um réttindi fatlaðs fólks (UNCRPD), samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW) og barnasáttmálinn (CRC). Þá vega heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun einnig þungt í norrænu samstarfi.

Evrópuráðið

Evrópuráðið er svæðisbundin milliríkjastofnun sem gegnir því hlutverki að standa vörð um lýðræði, reglur réttarríkisins og mannréttindi í Evrópu og stuðla að auknu Evrópusamstarfi. Nú eiga 46 lönd aðild að Evrópuráðinu. Norðurlöndin eru aðilar að Evrópuráðinu en starf þess að mannréttindamálum byggir á Mannréttindasáttmála Evrópu.

Evrópuráðið hefur gefið út fjölda rita um fötlunarmál, sérstaklega um aðstæður kvenna og stúlkna með fötlun. Ístanbúlsamningurinn um stöðu kvenna og stúlkna og rétt þeirra til heilbrigðis og öryggis snertir einnig málefnið og hafa öll Norðurlöndin undirritað hann.

Evrópusambandið (ESB)

Framkvæmdastjórn ESB birti vorið 2021 nýja stefnu um réttindi fólks með fötlun: [*Union of Equality: Strategy for the Rights of Persons with Disabilities 2021-2030*](#). Tilgangurinn með stefnunni er að tryggja fulla hlutdeild fólks með fötlun í samfélaginu á jafnræðisgrundvelli. ESB og öll aðildarríki sambandsins hafa fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sameiginlegt markmið þeirra er að styrkja framkvæmd samningsins og er það gert með stefnunni. Meginreglur stefnunnar eru jafnræði og jafnrétti. Flaggskipsverkefni framkvæmdastjórnar ESB, „European resource centre *AccesibleEU*“ , verður ýtt úr vör 2022 en það á að greiða fyrir innleiðingu krafna um aðgengi.

Í aðgengistilskipun ESB (2019/882) sem tók gildi vorið 2019 er þess krafist að yfirvöld og einkageirinn geri tilteknar vörur og þjónustu aðgengilega. Vefaðgengistilskipuninni (2016/2102) er ætlað að bæta aðgengi notenda, einkum fólks með fötlun, að vefsetrum opinberra aðila og smáforritum þeirra. Tilskipun ESB um jafna meðferð á vinnumarkaði (2000/78) hefur bein áhrif, rétt eins og reglugerðir um réttindi farþega í áætlunar- og hópbifreiðum (181/2011), á sjó (1177/2010), í járnbrautarlestum (1371/2007) og í flugvélum (264/2004), í aðildarlöndum ESB en einnig á Íslandi og í Noregi. Mannréttindastofnun Evrópusambandsins (FRA) hefur gert fjölda skýrslna um aðstæður fólks með fötlun.



Mynd: iStock

Tilgangur, markmið og norræn nytsemi

Almennt markmið norrænnar samstarfsáætlunar um málefni fólks með fötlun er að stuðla að öruggri inngildingu einstaklinga með fötlun og að það verði gert með því að efla þekkingarmiðlun milli landanna og auka samstarf þeirra um fötlunarmál. Norrænt samstarf um fötlunarmál:

- er til hagsbóta fyrir löndin og skiptir Norðurlandabúa með fötlun máli;
- bætist við og eflir starf sem fram fer í löndunum um inngildingu fólks með fötlun á öllum sviðum samfélagsins;
- eykur og skapar samlegð við annað alþjóðlegt samstarf og vinnu að inngildingu;
- skapar forsendur fyrir miðlun reynslu og þróun þekkingar um inngildingu fólks með fötlun á mikilvægum sviðum og ákveðnu samhengi;
- eykur vitund um fötlunarsjónarmið;
- bætir aðgengi fólks með fötlun að starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og innan hennar;
- styrkir ímynd Norðurlanda sem nýskapandi, inngildandi og félagslega sjálfbærs svæðis þar sem engin eru skilin útundan;
- samþættir sjónarmið sjálfbærrar þróunar, jafnréttis, réttinda barna og sjónarmiða ungs fólks í starfseminni.



Mynd: Maud Grøttland / norden.org

Áherslusvið: Mannréttindi

Að styðja og efla starf að innleiðingu og eftirliti með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í löndunum.

Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (UNCRPD) er ætlað að efla, verja og tryggja að allt fólk með fötlun njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis, og skapa virðingu fyrir eðlislægri reisn þess. Öll Norðurlöndin hafa fullgilt samninginn og vinna að innleiðingu hans með hliðsjón af meginreglum og viðmiðum hans. Norðurlöndin standa frammi fyrir mörgum sameiginlegum áskorunum og hafa svipaða þörf fyrir meiri og betri þekkingu og góð fordæmi um innleiðingu þar sem vel hefur tekist til. Aðgerðir á sviði mannréttinda styðja við starf að innleiðingu samningsins og taka einnig til annarra samninga og starfs að mannréttindum og fötlunarmálum almennt.

Aðgerðir á áherslusviðinu eru þáttur í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir Framtíðarsýn okkar fyrir 2030, einkum markmiði 9 um gæði, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla og markmiði 11 um að veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterkari rödd, auka hlutdeild þeirra í norrænu samstarfi og þekkingu á tungumálum og menningu frændþjóðanna. Aðgerðirnar styðja einnig við markmið 12 um að viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, inngildingu, jafnræði og tjáningarfrelsi.

Auk aðgerða á áherslusviðinu má nefna styrkjakerfi fyrir norrænt samstarf öryrkjasamtaka og starfsemi fyrir fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu sem eru í umsjón Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar með það fyrir augum að efla starfið að mannréttindamálum.

Styrkjakerfi fyrir norrænt samstarf öryrkjasamtaka styður áhugaverða norræna fundi og ráðstefnur sem samtök öryrkja í löndunum eða á norræna vísu standa að. Styrkjakerfið eflir norrænt samstarf öryrkjasamtaka hvarvetna á Norðurlöndum og greiðir fyrir miðlun reynslu og

myndun tengslaneta.

Norrænni starfsemi fyrir fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er ætlað að stuðla að innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks fyrir fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu sem er viðkvæmur og jaðarsettur hópur í samfélaginu. Norrænt samstarf er forsenda þess að hægt sé að þróa þekkingu á samþættri sjón- og heyrnarskerðingu vegna þess að sá hópur sem býr við samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er of fámennur til þess að löndin geti sinnt þeim málaflokki hvert fyrir sig. Verkefnið fjallar um menntun, þróunarstarf, samhæfingu starfs yfir milli landa og fyrirtækja og stofnana á sviði samþættrar sjón- og heyrnarskerðingar á Norðurlöndum. Samstarfið beinist fyrst og fremst að sérfræðingum, yfirvöldum og rannsóknarumhverfi. Samhæfing þróunar og miðlunar þekkingar á Norðurlöndum með verkefnum, vinnuhópum, málstofum og samstarfsnetum er mikilvægt verkefni.

Aukin þekking og samráð um mannréttindi og fötlunarmál

Aðgerðum á þessu áherslusviði er ætlað að skapa vettvang fyrir miðlun þekkingar, reynslu og góðra dæma um innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Aðgerðirnar auka færni einstaklinga sem taka þátt í innleiðingu samningsins og skapa þekkingu á góðum dæmum um innleiðingu samningsins. Aðgerðirnar skapa samlegð með öðru alþjóðasamstarfi og vinnu að inngildingu.

Ráðist hefur verið í fjölda aðgerða gegnum fyrri framkvæmdaáætlanir. Norræna velferðarmiðstöðin samþæfir starfið samkvæmt umboði sem fram kemur í fjárveitingarbréfi frá embættismannanefndinni um félags- og heilbrigðismál (EK-S). Norræna velferðarmiðstöðin sækir um fjárveitingar og hrindir aðgerðunum í framkvæmd ásamt samstarfsaðilum í löndunum auk norrænna og alþjóðlegra aðila. Stoðhópar eru skipaðir eftir þörfum og í samráði við aðila sem málið varðar. Stoðhópar leitast eftir kynjajafnvægi og inngildingu fulltrúa hinsegin fólks. Stefnt er að því að skapa og miðla þekkingu sem kemur að notum við innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks á gildistíma áætlunarinnar. Á gildistíma áætlunarinnar verða norrænir viðburðir á COSP, árlegri ráðstefnu aðildarríkja að samningi SP um réttindi fatlaðs fólks.

Sjónarmið barna og ungmenna verða eflað í norrænu samstarfi um fötlunarmál með því að halda árlegan fund sérfræðinga með fulltrúum hagsmunasamtaka ungs fólks með fötlun. Þema og dagskrá fundanna ræðst af þörfum og óskum barna og ungmenna. Þróa á nýjar aðferðir til að flétta sjónarmiðum barna og ungmenna inn í ákvarðanir fullorðinna og skipulag sem miðast iðulega við sjónarhól fullorðinna. Auk þess að ræða málefni sem eru ofarlega á baugi hjá börnum og ungmennum með fötlun eiga fulltrúar unga fólksins að fá upplýsingar um samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni fólks með fötlun og norræna fötlunarráðið.

Eftirlit með innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Með fullgildingu samningsins gefa aðildarríkin reglulega skýrslu til nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Mikilvægt er að bera saman töluleg gögn og þekkingu um innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks á Norðurlöndum og Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi. Norræna velferðarmiðstöðin fær endurnýjað umboð til að afla þekkingar um innleiðingu samningsins og hafa eftirlit með skýrslugjöf landanna til SP og tilmælum frá SP að lokinni yfirferð á innleiðingunni í löndunum.

Á gildistíma áætlunarinnar á að kortleggja rannsóknanetverk og yfirstandandi verkefni. Þau eiga að veita upplýsingar um hvernig staðið er að innleiðingu réttinda fólks með fötlun í norrænu löndunum. Kortlagningin á einnig að sýna hlutdeild fólks með fötlun í rannsóknum.

Norræna velferðarmiðstöðin fær einnig það verkefni í samstarfi við norræna aðila og aðila í hverju landi fyrir sig og rannsóknarstofnanir að kanna hvernig ýmsar alþjóðlegar stofnanir, þar á meðal samtök upprunalegs fólks, standa að innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Einnig ber að hafa eftirlit með því hvernig aðilar á við *EU Disability Platform* vinna með

samninginn.

Þrátt fyrir að öll Norðurlöndin búi yfir töluverðum gögnum, tölfræðiupplýsingum og vísum til að geta fylgst með stöðunni og þróun lífsgæða fólks með fötlun, er mismunandi hvernig löndin standa að mælingum með ólíkum aðferðum og skilgreiningum á hópum og torveldar það samanburðargreiningar. Til að fylgjast með þróuninni og afhjúpa veikleika er mikilvægt að taka saman samanburðarhæfar hagtölur um fötlunarmál.

Í framhaldi af tillögum í skýrslunni [*Nordic indicators for cooperation on disability*](#) stendur á gildistíma áætlunarinnar til að afla og bera saman tölfræðiupplýsingar á fjórum sviðum en þau eru mismunun, menntun, vinnumál og aðgengi. Aðgerðunum er ætlað að afla samanburðarhæfra tölfræðiupplýsinga um fötlunarmál á Norðurlöndum og þekkingar á innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna á Norðurlöndum. Fylgst verður með ESB-samstarfi um tölfræðiupplýsingar um fötlunarmál. Rætt er um samstarf við norrænu nefndina um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO) og norrænu hagsýslunefndina (NOSOSKO). Rætt er við norrænu ráðherranefndina um dómsmál, MR-JUST, um framkvæmd verkefnisins.



Mynd: iStock

Áherslusvið: Þátttaka

Að efla inngildingu með algildri hönnun alla umhverfis, stafræns og í raunheimi, stuðla að jafnrétti og þátttöku en vinna gegn mismunun fólks með fötlun á öllum sviðum norrænna samfélaga með stefnumarkandi samþættingu fötlunarsjónarmiða í sjálfbærnistarfi.

Sjálfbær þróun norræna velferðarlíkansins byggir á eins mikilli atvinnuþátttöku vinnufærs fólks og kostur er. Vinnumarkaðurinn er drifkraftur norrænna velferðarsamfélaga og hefur mikla þýðingu fyrir atvinnulíf og íbúana. Hátt hlutfall af hæfu starfsfólki, góð starfskjör og gott vinnuumhverfi ráða úrslitum um hvort hægt verði að skapa græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Þetta kallar á inngildandi mennta- og vinnumálastefnu. Einnig er þörf á fræðslu og viðhorfsbreytingum meðal atvinnurekenda, launafólks og samfélagsins í heild til að bæta tækifæri fólks með fötlun til að fóta sig á vinnumarkaði. Niðurstaða skýrslunnar [The Future of Work in the Nordic countries: Opportunities and Challenges for the Nordic Working Life Models](#) (2021) er að Norðurlöndin eigi að þróa betri aðferðir til að sporna við auknum félagslegum ójöfnuði í norrænum samfélögum og á vinnumarkaði. Þetta er lykilforsenda þess að Norðurlöndin ráði við umskipti í átt að vinnumarkaði framtíðar á árunum eftir kórónaveirufaraldurinn.

Algildara samfélag ásamt þróun á aðgengilegri nýrri tækni, sem á einnig við um verkefni á sviði menntunar, gefur kost á öflugri inngildingu og auknu sjálfstæði fólks með fötlun. Aðgerðir til að auka aðgengi eiga þátt í inngildingu viðkvæmra hópa, til dæmis af erlendum uppruna eða hinsein fólks með fötlun. Samstarf Norðurlandanna og aðgerðir þeirra hvað þetta varðar stuðla að öflugri inngildingu á öllum sviðum lífsins með sérstakri áherslu á menntun og vinnumarkað. Í starfsemi á sviði menntunar er mikilvægt að samþætta sjónarmið barna og ungmenna. Á gildistíma áætlunarinnar hyggst formennskulandið grípa til aðgerða sem varða fötlunarstefnu landanna og skapa norræna nytsemi með miðlun reynslu og þekkingarsköpun.

Aðgerðir á þessu áherslusviði stuðla að markmiði 7 í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um að þróa færni og öflugan vinnumarkað sem stenst þær kröfur sem græn umskipti og stafræn þróun gera og styðja frjálsa för á Norðurlöndum. Aðgerðirnar þjóna

einnig markmiði 8 um að nýta stafræn umskipti og menntun til að færa Norðurlönd nær hvert öðru og markmiði 9 um að stuðla að gæðum, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla.

Sambætting fötlunarsjónarmiða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin vinnur skipulega að eflingu fötlunarsjónarmiða í öllum viðeigandi málaflokkum. Sambætting fötlunarsjónarmiða í norrænu ríkisstjórnasamstarfi snýst um vitundarvakningu, sambættingu og eftirfylgni fötlunarsjónarmiða í málaflokkunum og innra starfi að aðgengi á skrifstofu og hjá stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar. Innra samstarfsnet um sambættingu fötlunarsjónarmiða hjá Norrænu ráðherranefndinni gegnir mikilvægu hlutverki við sambættingu sjónarmiðanna í hinum ýmsu málaflokkum. Á gildistíma áætlunarinnar á að efla samráð í einstökum málaflokkum í þeim tilgangi að styrkja sambættingu fötlunarsjónarmiða í hinum ýmsu málaflokkum.

Miðlun reynslu af opinberum innkaupum og fólk með fötlun

Opinber innkaup og algild hönnun

Aðgengi snýst um að skapa tækifæri fyrir allan almenning til að taka þátt í samfélaginu á jafnræðisgrundvelli, óháð líkamlegu og andlegu atgervi. Við getum stuðlað að því með því að taka mið af algildri hönnun og gera kröfur um aðgengi í opinberum innkaupum. Í sumum innkaupalögum og annarri löggjöf er einnig að finna kröfur um að taka tillit til þarfa og aðstæðna allra notenda. Á gildistíma áætlunarinnar skal vinna greiningu á því hvernig Norðurlöndin innleiða algilda hönnun í opinberum innkaupum.

Opinber innkaup á þjónustu fyrir einstaklinga með fötlun - vænleg framkvæmd á Norðurlöndum

Mikilvægt er að bera saman reynslu af því hvernig staðið er að þjónustu við fólk með fötlun á Norðurlöndum. Markmiðið er að kortleggja framkvæmd í löndunum við opinber innkaup af þjónustu fyrir fólk með fötlun sem er vænleg til árangurs. Vænleg framkvæmd getur til dæmis verið hlutdeild fólks með fötlun í innkaupum á til dæmis einstaklingsmiðaðri þjónustu, aðgengi og tillögur um bætt innkaup á þjónustu í félags- og heilbrigðisþjónustu.

Reynsla af atvinnuefandi aðgerðum í opinberum innkaupum

Þá geta innkaupayfirvöld gert kröfur til birgja um að þeir bjóði fólki með fötlun vinnu, starfsnám eða starfsþjálfun.¹ Á gildistíma áætlunarinnar verður tekin saman reynsla af atvinnuefandi aðgerðum í opinberum innkaupum í löndunum.

Hægt verður að miðla reynslu af opinberum innkaupum fyrir fólk með fötlun í samstarfi við félagasamtök og rannsóknastofnanir í samráði við innkaupayfirvöld í löndunum.

Stafræn færni, algild hönnun og þátttaka

Þróð stafræn væðing samfélagsins felur í sér tækifæri en einnig ógnun fyrir fólk með fötlun. Stafræn sambætting krefst stafrænna lausna sem eru hannaðar á þann hátt að þær nýtist öllum og að fólk með fötlun öðlist stafræna grunnfærni. Stafvæðingin skapar einnig ný tækifæri fyrir fólk með fötlun. Það tekur til dæmis til þess að geta sjálft aflað sér upplýsinga og útfært þjónustu þar sem áður þurfti aðstoðarmann eða dýra sérlausn. Með nýrri tækni og snjöllum stafrænum lausnum er einnig hægt að opna vinnumarkaðinn fyrir fleira fólki með fötlun.

Á gildistíma áætlunarinnar hefst verkefni sem hefur að markmiði að skapa vettvang fyrir miðlun

1. <https://www.upphandlingsmyndigheten.se/om-hallbar-upphandling/socialt-hallbar-upphandling/upphandling-med-mal-att-oka-sysselsattningen/kunskapsbank-sysselsattningskrav/>

reynslu af algildri hönnun vefsvæða og farsímaforrita og stafrænni færni. Sérstaklega verður fjallað um innleiðingu vefaðgengistilskipunar Evrópusambandsins (2016/2102) á Norðurlöndum. Tilgangurinn með tilskipuninni er að bæta aðgengi fólks, einkum fólks með fötlun, að opinberum vefsíðum og farsímaforritum. Rætt verður samstarf við embættismannanefndina um menntamál (EK-U), norrænu ráðherranefndina um stafræna væðingu (MR-Digital) og embættismannanefndina um félags- og heilbrigðismál (EK-S).

Inngildandi vinnumarkaður á Norðurlöndum

Aðstæður á vinnumarkaði fyrir ungt fólk og fullorðið fólk með fötlun ber enn merki um útskýfun. Markmiðið er að afla þekkingar og taka saman tölfræðigögn um einstaklinga með fötlun og vinnumarkaðinn. Árlegar málstofur sérfræðinga og aðrir norrænir fundir um þessi málefni verða haldnir á gildistíma áætlunarinnar. Á málstofum sérfræðinga er mikilvægt að leitast við að halda jafnvægi milli kynja og að fulltrúar minnihlutahópa séu meðal þátttakenda. Hafið verður samtal við *Global Business and Disability Network* hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) og aðrar alþjóðastofnanir og samstarfsnet.

Á gildistíma áætlunarinnar verður gripið til aðgerða til að bæta þekkingu og örva samstarf um tölfræðiupplýsingar, aðferðir, aðgerðir og verkefni sem tengjast atvinnuþátttöku og fötlunarmálum. Þáttur í Inngildandi vinnumarkaði á Norðurlöndum verður að fylgjast með verkefni um viðkvæma hópa á vinnumarkaði (2022-2024). Verkefnið fer fram á sviði vinnumála. Á gildistíma áætlunarinnar verða kannaðar hindranir sem koma í veg fyrir atvinnuþátttöku fólks með fötlun. Í þeirri rannsókn verða teknar saman aðgerðir sem eiga þátt í að draga úr þessum hindrunum. Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO) og Norræna hagsýslunefndin (NOSOSKO) koma að gerð yfirlitsins með tölfræðiupplýsingum á þessu sviði. Rætt verður um aðgerðirnar og fjármögnun þeirra við samstarfssvið vinnumála og hugsanlega samstarfssvið atvinnustefnu, menntamála og rannsókna.



Mynd: iStock

Áherslusvið: Frjáls för

Að greiða fyrir frjálsri för og afnema stjórnsýsluhindranir sem bitna einkum á fólki með fötlun.

Norrænt samstarf leggur áherslu á að koma auga á og afnema stjórnsýsluhindranir sem hamla hreyfingu milli landanna. Evrópusambandið grípur einnig til séraðgerða til að afnema hindranir sem koma niður á fólki með fötlun. Aðgerðir á þessu áherslusviði greiða fyrir frjálsri för einstaklinga sem eiga á hættu að rekast á stjórnsýsluhindranir vegna ósamræmis í lögum, reglum og stjórnsýsluhefðum landanna.

Aðgerðirnar á þessu sviði þjóna markmiði 7 í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um að þróa færni og öflugan vinnumarkað sem stenst kröfur sem græn umskipti og stafræn þróun gera og styðja frjálsa för á Norðurlöndum og markmiði 8 um að nýta stafræn umskipti og menntun til að færa Norðurlönd nær hvert öðru.

Fötlunarsjónarmið í norrænu samstarfi um frjálsa för

Þessar aðgerðir auka færni varðandi fötlunarsjónarmið þeirra aðila sem kanna og leggja til lausnir á stjórnsýsluhindrunum, einnig færni fulltrúa í norræna fötlunarráðinu hvað varðar afnám stjórnsýsluhindrana. Á gildistíma áætlunarinnar er Norrænu ráðherranefndinni ætlað að koma á samstarfi um þróun lausna fyrir fólk með fötlun á Norðurlöndum til dæmis um stutt starfstímabil annars staðar á Norðurlöndum. Fötlunarráðið veitir aðstoð sem sérfræðingahópur við framkvæmd aðgerðanna.

Unnin verður stöðuskýrsla um norrænan hreyfanleika og fötlun. Skýrslan fjallar um stjórnsýsluhindranir á sviði félags- og vinnumála. Fylgst verður með endurskoðun

Norðurlandsamnings um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu og unnin greining á mikilvægi hans fyrir fólk með fötlun.

Nordplus menntaáætlunin býður aukafjárhagsaðstoð til fólks sem þarf séraðstoð vegna fötlunar. Á gildistíma áætlunarinnar verðir fylgst með því hve margir námsmenn með fötlun sækja um styrki hjá Nordplus-áætluninni. Hafið verður samstarf fulltrúa ungs fólks með fötlun um markaðssetningu Nordplus-áætlunarinnar og haldnir árlegir fundir.

Haldnar verða málstofur á ári hverju með aðkomu aðila úr starfi að afnámi stjórnsýsluhindrana. Í þessu felst einnig samráð við samstarfsnet um táknmál um túlkun og hreyfanleika. Fylgt verður eftir fyrri aðgerðum varðandi námsmannaskipti. Samstarf heldur áfram milli aðila sem hafa umsjón með fötlunarmálum og stjórnsýsluhindrunum á vegum ráðherranefndarinnar. Þar má nefna norræna fötlunarráðið, Stjórnsýsluhindranaráðið og upplýsingaþjónustuna Info Norden. Aðgerðirnar verða framkvæmdar innan fjárveitingaramma umræddra samstarfsstofnana.

Eftirfylgni og þróun nýrra stafrænna lausna gegn stjórnsýsluhindrunum

Að svo stöddu liggur ekki fyrir gagnkvæm viðurkenning á örorkumati aðildarlanda ESB. Veldur þetta vandkvæðum fyrir einstaklinga með fötlun þegar örorkuvottorð þeirra frá heimalandinu eru kannski ekki tekin gild í öðrum aðildarlöndum.

Örorkuskírteini ESB (*EU Disability card*) tryggir jafnt aðgengi fólks með fötlun að hlunnindum yfir landamærin, einkum á sviði menningar, tómstunda, íþróttar og samgangna. Skírteinið greiðir einnig fyrir virkri samfélagsþátttöku á jafnræðisgrundvelli.

Finnland og Eistland hafa frá árinu 2016 verið í tilraunahópi fyrir notkun skírteinisins. Í stefnu ESB um réttindi fólks með fötlun 2021-2030 er að finna flaggskipsverkefni um að gera örorkuskírteini ESB aðgengileg í öllum aðildarlöndunum fyrir 2023. Á gildistíma áætlunarinnar verður reynsla Finnlands og Eistlands fylgt eftir og undirbúinn vettvangur fyrir skipti á upplýsingum og samanburð á reynslu.

Norrænt rafrænt auðkenni og fólk með fötlun

Norðurlöndin eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030. Stafvæðing þróast hratt í heiminum og samþætting rafræns auðkennakerfis auðveldar samskipti Norðurlandabúa við yfirvöld í löndunum. Rafræn auðkennakerfi landanna eru öflug. Í norrænu samstarfi hefur verið ákveðið að gera stafrænum notendum á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjum kleift að framvísa rafrænu skilríki frá heimalandinu til að auðkenna sig í stafrænni þjónustu einnig í öðrum löndum á svæðinu.

Á gildistíma áætlunarinnar á að kanna hvaða þjónustu fólks með fötlun sé hægt að tengja við rafrænu auðkennakerfin í löndunum sem mætti nýta sér yfir landamæri Norðurlanda og Eyrstrasaltslanda. Verkefnið verður rætt við norrænu ráðherranefndina um stafræna væðingu (MR-DIGITAL).

Úttekt

Óháð úttekt verður gerð 2024 og 2026. Embættismannanefndinni um félags- og heilbrigðismál (EK-S) verður greint frá niðurstöðunum um leið og gefin verður skýrsla um áætlunina og störf fätlunarráðsins. Úttektaraðilinn hefur samband við verkefnastjórnun hinnar ýmsu starfsemi. Stöðuskýrslan verður unnin á skrifstofu fätlunarráðsins hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni. Norðurlandaráð fær stöðuskýrslu 2023, 2025 og 2027. Áætlunin verður endurskoðuð eftir 2024 til að tryggja að hún samrýmist nýrri framkvæmdaáætlun framtíðarsýnarinnar.



Mynd: Tor Solstad

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023–2027

PolitikNord 2022:733

ISBN 978-92-893-7415-6 PDF (PDF)

ISBN 978-92-893-7416-3 ONLINE (EPUB)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2022-733>

© Norræna ráðherranefndin 2022

Umbrot: Mette Agger Tang

Kápumynd: Ritzau / Scanpix

Útgefið: Desember 2022

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efla í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur